



Akraneskaupstaður

Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi

b.t. Páls S. Brynjarssonar

Bjarnarbraut 8

310 Borgarnes

Akranesi, 1. mars 2016

1401041 RÁ/sas

Efni: Aðild Akraneskaupstaðar að Markaðsstofu Vesturlands.

Fyrir hönd bæjarráðs Akraneskaupstaðar óskar undirrituð eftir upplýsingum um fjármögnun Markaðsstofu Vesturlands, þ.e. hver er rekstrarkostaður á ári og hvernig skiptast rekstrargjöld á milli sveitarfélaga sem eiga aðild að stofunni. Ennfremur óskar undirrituð eftir því að fá upplýsingar um fjölda fyrirtækja á Akranesi sem eru í samstarfi við markaðsstofuna ásamt upplýsingum um áætlanir markaðsstofunnar í fjölgun ferðamanna á Akranesi, m.a. skipulagðar ferðir á Akranesi.

Akraneskaupstaður undirbýr nú útboð á siglingum á milli Reykjavíkur og Akraness í samstarfi við Reykjavíkurborg. Verði af siglingum felast í því mörg tækifæri í ferðamennsku á Akranesi meðal annars í samstarfi við Höfuðborgarstofu. Við höfum því hug á að skoða vel þátttöku okkar í Markaðsstofu Vesturlands og eru umbeðnar upplýsingar liður í þeirri skoðun.

Virðingarfyllst,


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri